

**Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi  
þriðjudaginn 20. ágúst 2019 kl. 20:00.**

**Fundinn sátu:**

Ísleifur Jónasson formaður, Karl Ölvisson, Örn Ingvarsson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson, Ásta B. Ólafsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð fjallskiladeildar.

**Gengið til dagskrár:**

**1. Ákvörðun um réttardag.**

Ísleifur lagði fram tillögu að réttardegi.

Samþykkt samhljóða að réttað verði 8. september 2019 og réttir hefjast klukkan 9:00.

Reiknað er með að fara í eftirleitir 2 vikum síðar eða í 38 viku.

**2. Ákvörðun um leitarstjórn.**

Samþykkt að Ísleifur Jónasson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrvingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum.

Karl Ölvisson verður leitarstjóri á Þóristungum.

Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og senda á skrifstofu Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða.

**3. Ákvörðun um laun og þóknanir vegna fjallferða.**

Umsjón með leitum	26.600 kr.	á leit.
Matráður	19.100 kr.	á dag.
Fjallmaður	11.000 kr.	á dag.
Fjór hjól	16.000 kr.	á dag.
Hestur	1.000 kr.	á dag.
Fæði	7.500 kr.	á dag.
Bíll	110 kr.	á km.


Tryggingar fjór hjóla eru á ábyrgð eigenda.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:30

  
Karl Ölvisson  
Óskar Ólafsson  
Örn Ingvarsson  
Sævar Jónsson  
Ísleifur Jónasson  
Ásta B. Ólafsdóttir